

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík
Netfang: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. mars 2023
E-2023-087/00.11

Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðnar frá atvinnuveganefnd Alþingis, dagsett 17. mars 2023, um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 118. mál. Landsvirkjun hefur kynnt sér þingsályktunartillöguna og þakkar tækifærið til umsagnar.

Landsvirkjun fagnar almennt öllum aðgerðum stjórnvalda sem eru til þess fallnar að auka skilvirkni og einfalda ferli um leyfisveitingar virkjana, hvort sem um ræðir smávirkjanir eða stærri virkjanir. Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið hvað varðar orkuskipti innanlands og ljóst er að auka þarf framboð á raforku eigi þau markmið að nást. Landsvirkjun vill í þessu samhengi einnig minnst á samfélagslegt mikilvægi raforkuöryggis en aukin skilvirkni í leyfisveitingarferli virkjana styður óneitanlega við yfirstandandi vinnu stjórnvalda að tryggja betur raforkuöryggi á Íslandi.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni